

Alþingi
Nefndasvið
v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2019
Tilvísun: 2019010241

Efni: frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð, nr. 130/2016 með síðari breytingum (launafyrirkomulag). 413. mál á 149. löggjafarþingi

Fjármálaeftirlitið vísar til umsagnar stofnunarinnar um skylt mál, 871. mál á 145. löggjafarþingi, sem dagsett var 27. september 2016, auk þess að vísa til greinargerðar með lagafrumvarpinu, nánar tiltekið tilvísunar til helstu niðurstaðna og tillagna starfshóps um málefni Kjararáðs, sem lagafrumvarpið mun einkum vera byggt á. Þar segir í 7. tl. tillagna starfshópsins:

7. Vegna alþjóðlegra skuldbindinga um sjálfstæði seðlabanka og fjármálaeftirlits og hlutverks þeirra við að tryggja fjármálastöðugleika og efnahagslegan stöðugleika er eðlilegt að bankaráð Seðlabankans og stjórn Fjármálaeftirlitsins taki ákvörðun um laun æðstu stjórnenda þeirra.

Þá segir í greinargerðinni á bls. 13:

Í tillögum starfshópsins kemur fram að vegna alþjóðlegra skuldbindinga um sjálfstæði seðlabanka og fjármálaeftirlits og hlutverks þeirra við að tryggja fjármálastöðugleika og efnahagslegan stöðugleika er eðlilegt að bankaráð Seðlabanka Íslands og stjórn Fjármálaeftirlitsins taki ákvörðun um laun æðstu stjórnenda þeirra. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að laun seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra verði ákvörðuð í lögum með fastri krónutöluþjárhæð og þar af fastri krónutöluþjárhæð fyrir yfirvinnu og álag sem starfinu fylgir, sjá nánar athugasemdir um 10. gr. Stjórn Fjármálaeftirlitsins var falið með lögum nr. 130/2016 að ákvarða laun og önnur kjör forstjóra þess skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996. Í frumvarpinu eru því ekki lagðar til breytingar á ákvörðun launa forstjórans. Sama fyrirkomulag gildir og við ákvörðun launa hjá stjórn Samkeppniseftirlitsins, Íbúðalánasjóðs, Bankasýslu ríkisins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Með þessum breytingum var stjórnnum sjálfstæðra stofnana falið að ákvarða laun og önnur starfskjör með hliðsjón af 39. gr. a laga nr. 70/1996.

Í frumvarpinu er, í samræmi við það sem kemur fram í ofangreindum texta, lagt til að laun Seðlabankastjóra verði ákveðin á sama hátt og laun kjörinna fulltrúa, dómara o.fl., en ekkert er þar fjallað um forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Það liggur hins vegar fyrir að það sem kemur fram í feitletraða textanum hér að ofan er ekki rétt, raunin er sú að ákvörðun um laun forstjóra Fjármálaeftirlitsins er tekin í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, eins og á við um flesta aðra en þá sem taldir eru í frumvarpinu og þannig ekki tekið mið af því sem fram kemur í 7. tl. tillagna starfshópsins, sbr. hér að ofan, varðandi alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfstæði og hlutverk Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Ásta Þórarinsdóttir
Formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins